

Fjórhlólaeigendur áminntir:

Lögreglan skakki leik í náttúrunni utan vega

Dómsmálaráðuneyti minnir á bann gegn óþarfa akstri utan merktra vega og vegarslóða

I tilefni af gagnrýni sem fram hefur komið á reglur um skráningu torfærutækja, svokallaðra fjórhlóla, sem eru nokkurs konar dvergjeppar, og vegna fréttu af akstri þessara ökutækja utan vega og spjöllum á gróðri af þeirra völdum hefur dómsmálaráðuneytið sent frá sér harða áminningu til ökumanna þessara tækja.

Þar segir að reglur þær sem ráðuneytið setti voru settar á grundvelli

gildandi umferðarlaga með tilliti til umferðar og öryggis og með hliðsjón af ákvæðum í nýjum umferðarlögum sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Takmörkun á notkun þessara tækja á vegi er því eingöngu gerð vegna umferðaröryggis. Reglurnar fjalla hins vegar ekki um akstur út frá öðrum sjónarmiðum, svo sem gert er í náttúruverndarlögum. Að því leyti gilda um akstur fjórhlóla sömu reglur og gilda um

önnur ökutæki.

Ráðuneytið leggur á það áherslu að öll umferð utan vega er háð ákvæðum náttúruverndarlaga og reglugerðar, en samkvæmt þessum ákvæðum skal öllum „skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu“ og „bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljóttist á

náttúru landsins“. Heitir ráðuneytið á ökumenn fjórhlóla sem og ökumenn annarra ökutækja að virða þær reglur. Hins vegar er bent á að lög banna ekki alla umferð ökutækja utan vega eða vegarslóða, svo sem t.d. akstur bónda á jörð sinni.

Í bréfi til allra lögreglustjóra hefur ráðuneytið lagt áherslu á að lögreglu verði beitt til að koma í veg

fyrir alla misnotkun ökutækja að þessu leyti. Það telur að beita beri fyllsta aðhaldi og einbeintni við eftirlit á þessu sviði.

Í lok tilkynningarinnar segir: „Ráðuneytið hvetur notendur torfærutækja til að temja sér nærgætni við gróður og náttúru landsins þannig að eigi þurfi að koma til afskipta lögreglu.“

þj

17% hækkun hitaveitunnar rædd í borgarstjórn:

Nesjavallaframkvæmdir hækka hitaveitutaxta

Húseigendur borga 100 milljónir á þessu ári til framkvæmda

Hitaveitufamkvæmdirnar við Nesjavelli eru farnar að segja til sín í stórhækkun á taxta hitaveitunnar, eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu spáð í umræðum um Nesjavallaframkvæmdir sl. haust, en borgarstjórn staðfesti ákvörðun borgarráðs um 17% hækkun á heitu vatni, á fundi sínum á fimmtudag.

Í máli Páls Gíslasonar, borgarfulltrúa sjálfstæðismanna og formanns stjórnar veitustofnana, kom fram að þessi 17% hækkun hitaveitunnar er til að greiða þær 100 milljónir sem hitaveituna vantar vegna framkvæmda sinna við Nesjavelli.

Páll greindi frá því að hitaveitan stæði mjög vel og upplýsti að þriðjungur tekna hitaveitunnar færi í rekstur, þriðjungur í afskriftir og þriðjungur færi til framkvæmda.

Bjarni P. Magnússon borgarfulltrúi Alþýðuflokksins greiddi atkvæði með hækkun. Hann sagði að varast bæri lántökur hjá hitaveitunni og að endar skyldu ná saman hverju sinni.

Sigurjón Pétursson ítrekaði bókun sína úr borgarráði þar sem hann benti á að í kjarasamningum ASÍ og

VSÍ á liðnum vetri hefði verið gengið út frá ákveðnum verðlagsforsendum. Hluti þeirra verðlagsforsenda væri að þjónustufyrirtæki Reykjavíkurborgar gættu hófs í verðhækkunum. Sigurjón benti á að þessir samningar væru enn í gildi og því væri hitaveitan að bregðast forsendum samninganna.

Sigurjón sagðist ekki sjá neitt að því, þegar um mannvirki sem standa eiga um mannsaldra er að ræða, þá sé kostnaði dreift á lengri tíma en framkvæmdatímann. Því væri ekkert á móti því að taka lán sem borgað yrði á áratug eða tveim. Slíkt myndi ekki leggja afkomu stöndugs fyrirtækis sem hitaveitunnar í hættu.

Sigrún Magnúsdóttir lýsti stuðningi við bókun Sigurjóns. Hún sagði fólk hjá ASÍ nú þurfa að halda vel í við sig til að eiga fyrir framfærslu sinni. Þannig hefði það lagt sitt af mörkum í baráttunni við verðbólgu. Því væri það skylda hitaveitunnar á sama tíma að gæta aðhalds og minnti á fyrri orð sín í borgarstjórn um að fara hægjar á sakirnar.

-HM



Hluti undirbúningshóps sýningarinnar Graphica Atlantica á Kjarvalsstöðum.

Graphica Atlantica:

99 grafíklistamenn frá 25 þjóðlöndum

– sýna á Kjarvalsstöðum

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskum listunendum gefst kostur á að skoða verk 99 myndlistarmanna frá 25 þjóðlöndum á einni sýningu á Íslandi. En nú á laugardag mun Reykjavíkurborg og félagið Íslensk Grafík einmitt opna slíka sýningu á Kjarvalsstöðum.

Sýningin ber nafnið Graphica Atlantica og er ætlað að vera gott þversnið af straumum og stefnum í grafíklist beggja vegna Atlantsála. Til að fá sem best yfirlit yfir vestræna grafíklist var útvöldum listamönnum boðið að senda þrjú til fimm verk á sýninguna og bærust alls um 400 verk.

Í tengslum við sýninguna verður haldin ráðstefna um vestræna grafíklist og listamönnum þannig gefinn kostur á auknum umræðum og skoðanaskiptum um stöðu grafíklistarinnar.

Mikill áhugi hefur verið hjá erlendum grafíklistamönnum á Graphica Atlantica og er von á a.m.k. 60 erlendum gestum á ráðstefnuna sem haldin verður í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri. Þar munu þekktir fyrirlesarar halda fyrirlestra og voru þeir einnig valdir með það í huga að þeir gætu nálgast

umræðuefni Graphica Atlantica frá sem víðustum grundvelli.

Þess má geta að sýningarskrá með mynd frá hverjum listamanni verður

gefin út og verðlaun verða veitt af alþjóðlegri dómnefnd að upphæð kr. 200.000. Sýningin verður opin til 28. júní.

-HM

Diplómatían:

NÝSKIPADIR SENDIHERRAR

Fyrir nokkru afhenti Hörður Helgason sendiherra Francesco Cossiga, forseta Ítalíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Ítalíu. En sendiherrann hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

Þá afhentu þrír nýskipaðir sendiherrar forseta Íslands, frá Vigdísí Finnbogadóttir, trúnaðarbréf sín

á utanríkisráðherra viðstöddum.

Hinir nýskipuðu sendiherrar eru: sendiherra Spánar hr. Ramón Fernandez de Soignie; sendiherra Ísraels, hr. Yehiel Yativ, og sendiherra Chile, hr. Luis Alberto Reyes. Allir hafa þessir sendiherrar aðsetur í Osló.

PÆÓ

Ungverjaland:

Áhugi á samstarfi um nýtingu jarðhita

Undanfarna daga hefur staðið yfir heimsókn aðstoðarutanríkisráðherra Ungverjalands, Imre Dunai, hér á landi. Áhugi er á að efla viðskipti milli landanna, en þau hafa verið hverfandi lítil undanfarin ár.

Það sem Íslendingar hafa helst keypt frá Ungverjalandi eru vínföng, ávextir, vefnaðarvara, rafmagnstæki og fatnaður. Helstu útflutningsvörur Íslands til Ungverjalands hafa verið þorskalýsi, lagmeti og kislígúr.

Ungverski ráðherrann hefur lýst sérstökum áhuga þeirra á að skiptast á upplýsingum við Íslendinga um nýtingu jarðhita og þá á samstarfi á því sviði.

Á meðan á dvöl ráðherrans hér á landi stendur mun hann m.a. eiga viðræður við Matthías Bjarnason viðskiptaráðherra, iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Virki hf., Verslunarráð Íslands, Útflutningsráð Íslands, svo og einstaka viðskiptaaðila. Heimsókn ráðherrans lýkur í dag.

PÆÓ